

Ályktun frá formannafundi SGS 27. mars 2014

Starfsgreinasambandið hafnar gjaldtöku við náttúruþerlur

Formannafundur Starfsgreinasambands Íslands, haldinn í Reykjavík 27. mars 2014 varar við þeirri þróun að gjald sé tekið af einstaklingum sem vilja heimsækja og skoða náttúruþerlur á Íslandi. Flestir hafa skilning á því að það þarf fjármuni til að halda stöðunum við og vernda náttúruna fyrir átroðningi. Slíkir fjármunir eiga hins vegar að koma úr sameiginlegum sjóðum enda á gjaldtaka að fara í gegnum sameiginlega sjóði líka, hvort sem það verður í formi náttúrupassa eða skatts á ferðaþjónustu. Það er ófært að einstaka aðilar innheimti gjald eftir eigin höfði á einstaka stöðum og er lögmæti slíkrar innheimtu mjög á reiki. Náttúruþerlur eru auðlind þjóðarinnar og sameiginleg eign landsmanna. Formannafundur Starfsgreinasambands Íslands vara við þeirri þróun að náttúruþerlur séu notaðar til arðs eingöngu fyrir fáa einstaklinga.